

Nr. 22 -057 S 040 Teista ÞH 58**Bílað stýri**

Skipaskr.nr. 5894
Útgerð: Júlli í Krók ehf.
Smíðaður: Mótun 2003
Stærð: 4,08 BT
Mesta lengd: 8,0 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Yanmar, 116,0 kW, 2003.
Fjöldi skipverja: 1



Teista@Aðalsteinn Júlíusson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. ágúst 2022 var Teista ÞH 58 á siglingu út af Melrakkasléttu á leið til Akureyrar. Veður: SSA 3-4 m/s.

Á siglingunni bílaði stýri bátsins. Björgunarskipið Gunnbjörg frá Raufarhöfn fór og dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Stýrisblaðið brotnaði af við stýrisstamman og því var ekki hægt að nota neyðarstýringuna.
- Gerðar voru breytingar þannig að stýrisblaðið var fest 20 cm framar á stýrisstamman til að minnka álagið á það.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.